

# Skagafjarðarveitur ehf

## Fundur 47 ? 16.03.2005

Miðvikudaginn 16. mars, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Fundur með forráðamönnum Hólaskóla, Hólalax og Hitaveitu Hjaltadals.
2. Álitsgerð stjórnar um raforkumál.
3. Bréf.
4. Önnur mál.

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundur með forráðamönnum Hólaskóla Skúla Skúlasyni og Einari Svavarssyni, Hólalax Jóni E Friðrikssyni og Hitaveitu Hjaltadals Stefáni Á Jónssyni um málefni Hitaveitu Hjaltadals.

2. Ályktun Skagafjarðaveitna ehf. vegna framtíðaráætlunar í raforkumálum.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. lýsir yfir andstöðu við hugmyndir stjórnvalda um sameiningu Landsvirkjunar, Orkuveitu Vestfjarða og RARIK. Eitt af markmiðum nýrra orkulaga var m.a. að koma á samkeppni í raforkumálum en fyrirhuguð sameining stefnir í þveröfuga átt. Stjórnir Norðurorku hf. og Skagafjarðarveitna ehf. hafa ályktað gegn hugmyndum stjórnvalda um sameiningu orkufyrirtækjanna þriggja. Stjórn Skagafjarðaveitna ehf. leggur til við iðnaðarráðherra að sveitarstjórnnum og orkufyrirtækjum verði gefin tækifæri til að yfirtaka rekstur Orkuveitu Vestfjarða og RARIK og efla þannig starfsemi orkufyrirtækjanna á landsbyggðinni og þar með stuðla að aukinni samkeppni í orkugeiranum.

3. Lagt fram bréf dags. 5.mars 2005 frá Svanfríði Ingvadóttur. Veitustjóra falið að svara bréfinu.

4. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45

Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Pálsson (sign)